



## Reiðmaðurinn

### Almennar upplýsingar um námið

#### 1. Inngangur

Reiðmaðurinn er nám ætlað fróðleiksfúsum hestamönnum og áhugafólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi. Reiðmaðurinn er tveggja ára nám. Námskeiðið er byggt upp af námi í reiðmennsku og er megináherslan lögð á það en einnig er þetta almennt nám um m.a. sögu og þróun hestsins, fóðrun hans, frjósemi og kynbætur. Námið er metið til samtals 33 eininga á framhaldsskólastigi (ECVET) og lýkur námskeiðsröðinni með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Slík einingagjöf metur þá heildarvinnu sem ætlast er til að nemendur leggi fram og er háð því að nemendur hafi sótt 90% verklegra tíma í staðarnámi og standist námsmat. Að baki hverrar einingar er gert ráð fyrir 3 heilum vinnudögum nemandans, hvort sem um er að ræða fyrirlestra, verklega tíma eða heimanám. Umsækjendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

#### 2. Skipulag námsins

Námskeiðsröðin, Reiðmaðurinn, er byggð upp á svipaðan hátt og önnur námskeið á vegum Endurmenntunar Lbhí, með markvissum verklegum tímum en við bætist bóklegur hluti í gegnum fjarnámsvef skólans er nefnist Moodle og Uglá.

Samskipti nemenda og skóla eru í meginráttum um Internetið (veraldarvefinn). Því er mikilvægt að allir séu vel kunnugir slíkum samskiptum.

Verklegir námshlutar eru kenndir á námskeiðum, átta helgar frá september fram í apríl, í tvö ár. Innan verklega hlutans er fyrst og fremst vinna með eigin hest. Unnið er að frá ca. 15:00-19:20 á föstudegi og frá 9:00-16:30 laugardegi og sunnudegi. Mismunandi er hvort unnið er í hópum eða lagt upp með einstaklingstíma, allt eftir viðfangsefninu. Lögð er mikil áhersla á að samnemendur fylgist með og læri af hver öðrum. Lögð er jafnframt mikil áhersla á markvissa heimavinnu milli námskeiðshelga. Mat er lagt á vinnu og framfarir nemandans yfir námstímann. Bóklegi hlutinn er kenndur í gegnum fjarnám en auk þess er ein bókleg helgi í staðarnámi á hverri önn þar sem nemendur fá fyrirlestra og sýnikennslur.

Nánara skipulag námsins er kynnt við upphaf hvers áfanga. Ef nauðsynlegt þykir að færa til verklegar helgar, s.s. vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra orsaka, áskilur Endurmenntun Lbhí sér rétt til þess að gera það, í samráð við verklegan kennara.

##### 2.1 Próf

**Bóklegt.** Á hverri önn fyrir sig er nemendum sett fyrir fjögur verkefni úr námsefni annarinnar. Nemendur fá verkefnið sett inn á kennsluvefinn og hafa fyrirfram ákveðinn tíma til að leysa þau



og skila inn á kennslusíðu áfangans. Einkunn bóklega hluta hvernar annar samanstendur af meðaleinkunn þessara fjögurra verkefna.

**Verklegt.** Stöðumat fer fram einu sinni á önn. Fyrirkomulag námsmatsins er breytilegt eftir viðfangsefnum hvernar annar. Á tímabilinu verður eitt samræmt og staðlað próf.

## 2.2 Kröfur um tölvukost

Til að taka þátt í náminu verður nemandinn að hafa aðgang að tölvu með tengingu við Internetið. Nauðsynlegt er að eftirfarandi búnaður sé til staðar.

### Vélbúnaður:

Tölva minnst Pentium-300MHz með 64 Mb (stýrikerfi: Win98/ME/2000/XP) eða sambærileg Machintosh tölva með uppsettan Firefox vefskoðara

Tengibúnaður við Internet, minnsti hraði 28.8 Kbps

Mjög æskilegt að hafa aðgang að prentara.

### Hugbúnaður:

Windows XP (lágmark 2000)

Ritvinnsluforrit og Töflureiknir (ekki eldra en Word/Excel 2000)

Internet Explorer 6,0 (ekki eldra)

### Tölvupóstforrit:

Nemendur eru hvattir til að nota örugga póstpjóna, ekki gjaldfrjálsan aðgang að ótryggum þjónum, slíkt býður upp á vandamál svo sem vírusmitun.

Vírusvarnarforrit er nauðsynlegt að hafa.

## 2.3 Aðrar kröfur

### Tryggingar

Nemendur sjá sjálfir um allar tryggingar. Krafa er gerð um að allir nemendur séu tryggðir en hver og einn velur hvort viðkomandi hross sé tryggt. Lbhí og viðkomandi staðahaldari ber ekki ábyrgð á hrossum nemenda.

### Hestakostur

Áhersla er lögð á að nemandi komi með öruggan, spennulausan og vel þjálfaðan hest með hreinar grunnangategundir og tölt.

Æskilegt er að viðkomandi hafi sama hestinn allt námið og stundi markvisst heimanám á milli verklegra helga, þ.e. hafi hann á húsi allan námstímann. Æskilegt getur verið að hafa annan á húsi og þjálfva samhliða til að nýta enn betur þá þekkingu og reynslu sem viðkomandi fær í gegnum námið.



Lbhí hefur rétt til þess að hafna hesti uppfylli hann ekki ofangreindar kröfur.

## Reiðtygi

- Viðurkenndur reiðhjálmur
- Reiðskór eða reiðstígvél
- Hnakkur m/ viðurkennd ístöð
- Stallmúll og stalmúlskaðall
- Beisli m/hringamél, stangamél
- Reiðmúll og snúrumúll
- Reiðtaumar
- Pískur og hringtaumskeyri
- Hafa aðgang að helstu járnningarverkfærum og tamningaaðstöðu, s.s. hringgerði eða öðru afmörkuðu rými til þjálfunar.
- Geta útvegað viðeigandi skeifur og hófhlífar.

## 3. Undirbúningskröfur

Nemendur þurfa að hafa áhuga á hestamennsku og eiga eða hafa góðan aðgang að hestum sem henta í námið.

Nemendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi nokkra þjálfun í tölvunotkun og séu m.a. kunnugir ritvinnslu- og töflureikniforritum og vanir að nota tölvupóst og vafra.

Þeir nemendur sem hafa tekið grunnstig knapamerkja (3 stig) geta tekið stöðupróf í upphafi annar. Sé því prófi náð getur nemandinn fengið hluta verklega námsins metinn. Viðkomandi nemandi þarf að láta óskir sínar um stöðupróf fylgja umsókn.

## 4. Kostnaður við Reiðmanninn 2016-2018

Verð fyrir fullt nám í fjórar annir er 561.000 kr. sem samsvarar 17.000 kr á hverja ECVET einingu í náminu. Þegar nemandi hefur fengið samþykka inngöngu í námið er nemandinn beðinn um staðfestingargjald að upphæð 75.000 kr. sem er óafturkræft. Staðfestingargjaldið dregst frá heildarverðinu.

Það sem eftir stendur af heildarverðinu er skipt niður á hverja önn og á þrjár jafnar greiðslur, þ.e. 3 x 40.500 á önn. Greiðsludagarnir verða þá í kringum 1.sept, 1. okt, 1. nóv. 1. feb., 1. mar og 1. apr. Hver nemandi skrifar undir greiðslusamkomulag í upphafi annar. Hægt er að semja við gjaldkera Lbhí um aðrar leiðir ef þess er óskað.

Dvalar- og fæðiskostnaður nemenda og hluti námsgagna er ekki innifalinn í verði.

Nemandi skuldbindur sig í upphafi að greiða fullt gjald fyrir námið í heild sinni, því er ekki hægt að fá námskeiðsgjald fellt niður þótt nemandi hætti námi áður en námstíma lýkur.

Óski nemandi eftir aukatímum vegna verklegrar þjálfunar umfram tíma í námstöflu þarf viðkomandi að semja sérstaklega við viðkomandi kennara.

Sæki nemandi um að fá að taka stöðu- eða endurtökupróf fyrir verklega hlutann er greitt sérstaklega fyrir það 12.000 kr. Standist nemandi stöðupróf lækkar heildarkostnaður námsins miðað við þann hluta sem hann fær metinn í náminu.

## 5. Innritun - Upphaf náms

Sótt er um námið á rafrænan hátt í gegnum heimasíðu Lbhí – www.lbhi.is – á sama hátt og annað nám við Landbúnaðarháskólann. Valið er starfsmenntanám á framhaldsskólastigi – Reiðmaðurinn. Óskað er sérstaklega eftir því að fólk tilgreini reynslu sína af hrossum, þátttöku í hrossatengdum námskeiðum og komi aðeins inn á hrossaeignina í athugasemdadálki í umsóknarferlinu. Umsóknafrestur rennur að jafnaði út um miðjan júní ár hvert.

Eftir að umsóknafrestur rennur út verður farið yfir umsóknirnar og í framhaldi gefin svör í gegnum uppgengið netfang. Ef eftirspurn er umfram þann fjölda sem kemst að (12 í hverjum hópi), hefur sú stefna verið mörkuð að fólk sem uppfyllir sett skilyrði, hefur góðan aðgang að hrossum og hefur mikla reynslu af hestamennsku gengur fyrir. Einnig verður þá tekið tillit til aldursdreifingar og kynjahlutfalls, miðað við umsóknir sem berast.

**Nánari upplýsingar um námið veitir Heimir Gunnarsson verkefnastjóri Reiðmannsins í síma 433-5000 og/eða á netfanginu heimirg@lbhi.is**

*Hvanneyri, 16. apríl 2016*

